

## Kjarasamningur LL og fjármálaráðherra

Framlenging ákvörðuð með gerðardómi 23. september 2011

Samkvæmt ofangreindu verða eftirfarandi breytingar á kjarasamningnum **1. mars nk:**

### 1. Laun skv. grein 1.1.1

Hækkun launa um 3,5 % eða 11.000 kr. að lágmarki – skurðpunkturinn er við laun að fjárhæð kr. 314.286. Laun undir þessu marki hækka um kr. 11.000 en laun yfir þessu marki hækka um 3,5 %.

Álagsgreiðslan (nú kr. 15.600) og þrekaálagsgreiðslan (nú kr. 18.800 miðað við 100% árangur) taka einnig áfangahækkun launa, þ.e. hækka einnig um 3,5%.

Ný launatafla verður sett inn á heimasíðu LL 1. mars nk.

### 2. Matar- og kaffitímar vaktavinnumanna – breyting á grein 2.6.11

Lögreglumenn í vaktavinnu hafa ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Lögreglumönnum er þó heimilt að neyta matar og kaffi við vinnu sína á vaktinni ef því verður við komið starfsins vegna. Vegna þessarar takmörkunar skal greiða 25 mínútur á yfirvinnukaup fyrir hverja vakt óháð lengd vaktar.

**Skýring:** Tryggir lögreglumönnum í hlutavinnu greiðslu 25 mínútna yfirvinnu á hverja skylduvakt vegna óhagræðisins við að hafa ekki fasta matar- og kaffitíma.

### 3. Fæðisfé – bætist við kafla 3.4. ný grein sem verður grein 3.4.5 og hljóðar svo:

Lögreglumaður á vakt þegar matstofa vinnustaða er ekki opin skal fá það bætt með fæðispeningum sem nema kr. 380 enda sé vinnuskylda starfsmanns a.m.k. 1. klst. fyrir og 1. klst. eftir umsamda matartíma á viðkomandi vakt sbr. tímasetningar matartíma í grein. 3.2.1.

**Skýring:** Veitir vaktavinnuönnum rétt til fæðisfjár þegar matstofa vinnustaðar er ekki opin. Gildir einnig um þá sem taka aukavaktir á þeim tíma sem grein 3.2.1 tekur til.

### 4. Fræðslu- og starfsþróunarsjóður

Iðgjaldið hækkar úr 0,25 % í 0,3%